

## Viðauki II við þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Myndlistaskólans í Reykjavík

Neðangreindar eru breytingar á þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, kt. 460269-2969, og Myndlistaskólans í Reykjavík, kt. 460269-4079, dags. 07.05.2015.

### 1. gr.

- Til viðbótar við þá þjónustu sem skólinn skal inna af hendi skv. gr. 2.1. skal hann: Veita nemendum þjónustu og aðbúnað sem er nauðsynleg fyrir þá sem stefna á diplómanám í sérhæfðu list- og hönnunarnámi. Viðauki þessi á við um þrjár námsbrautir þ.e. keramik, textíl og teikningu.
- Viðbótarfjöldi nemenda skv. viðauka þessum skal vera að hámarki 40 og skiptist á brautirnar þrjár þannig:  
Í keramik á bilinu 10 – 15 nemendur á önn.  
Í textík á bilinu 10 – 15 nemendur á önn.  
Í teikningu á bilinu 15 – 20 nemendur á önn.
- Viðbótarframlag ríkisins vegna viðauka þessa er 1,5 m.kr. fyrir hvern ársnemanda eða að hámarki 60 m.kr. á ári. Ráðuneytið mun greiða framlagið í tólf jöfnum greiðslum, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Gildistími viðauka þessa er frá 01.07.2017 og út samningstíma þjónustusamningsins eða til 30.06.2018.

### 2. gr.

Vegna lagabreytinga er eftirfarandi samningsákvæðum breytt þannig:

- Í gr. 1.1. er framvegis átt við 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 1.5. í fyrsta tölulið er framvegis átt við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 1.5. í þriðja tölulið er framvegis átt við lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
- Í gr. 1.5. í sjöunda tölulið er framvegis átt við samkeppnislög nr. 44/2005.
- Í gr. 5.6. er framvegis vísað til 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 5.11.2 er framvegis átt við 54. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 7.5. er framvegis vísað til 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

### 3. gr.

Til samræmis við setningu nýrra laga um opinber fjármál nr. 123/2015 verða eftirfarandi breytingar á grein 5:

- gr. 5.1. fellur út í heild og í staðinn kemur eftirfarandi: Rekstrarframlag ríkisins til skólans á grundvelli samnings þessa er sett fram á grundvelli fjárheimilda sem Alþingi ákvarðar í fjárlögum hvers árs sbr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- gr. 5.2. fellur út í heild og í staðinn kemur eftirfarandi: Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar grundvallaðar á ákvörðun Alþingis um

fjárheimildir í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og í málaflokkum, hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast um sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Komi til lækkunar á fjárveitingum til verkefnisins skulu aðilar taka upp viðræður um að aðlaga rekstur verkefnisins að breyttri fjárveitingu.

Reykjavík, 1. september 2017

Hellen Gunnarsdóttir  
Hellen Gunnarsdóttir  
f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

Aslaug Thorlácus  
Aslaug Thorlácus  
f.h. Myndlistaskólans í Reykjavík

MYNDLISTASKÓLINN  
Í REYKJAVÍK